



Stjórnarfundur 12 þriðjudaginn 6. febrúar 2018 kl. 16.30 á skrifstofu BLÍ.

Mætt; Jason Ívarsson, formaður, Stefán Jóhannesson, , Andri Hnikarr Jónsson, Steinn Einarsson, , Árnir Jón Eggertsson, ...
Afboð og mættu ekki:, Kristín Hálfánardóttir og Sigurbjörn Árni Arngrímsson Svandís Þorsteinsdóttir

Dagskrá

- Ársþing BLÍ
- Kjörísbikarinn í Digranesi
- Frumskýrsla frá nefndarstörfum (Hnikarr)
- Landsliðsmál
- #metoo - verklag
- Önnur mál

Fundargerð

Ársþing BLÍ

- Rætt var um framboð til stjórnar. Stefán og Árni Jón ganga úr stjórn svo og varamenn.
- Nokkur umræða var um fjölda þingfulltrúa. Viðmiðið verður endurskoðað og ný tillaga lögð fyrir þingið.
- Talað var um að gaman væri að brjóta upp umræður á þinginu með myndum frá keppni síðasta árs.

Kjörísbikarinn í Digranesi

- Úrslitahelgin verður í föstum skorðum. Keppnin verður í Digranesi að þessu sinni. Finna þarf fólk í umsjón, uppsetningu vallar, öryggisgæslu frágang og fleira tilfallandi.
- Liðin sem komast í úrslitahelgina verður boðið að selja auglýsingar með sömu kjörum og síðustu ár.
- Bikarúrslit í 3. og 4. flokki fara einnig fram um sömu helgi. Þeim verður boðið að sjá um veitingasöluna auk þess að selja auglýsingu.

Frumskýrsla frá nefndarstörfum (Hnikarr)

- Endurskoðun deildakeppninnar. Hnikarr hefur farið fyrir nefnd sem endurskoðan fyrirkomulag deildakeppninnar. Hann gerði grein fyrir störfum hennar fram að þessu. Stefnt er að 12 liða úrvalsdeild. Helsti þröskuldurinn er að enn er of mikill munur á liðum úrvalsdeildar og neðri deilda hvað getur og fjárhag varðar.
- Hugmynd er um að unglíngalandslið kvenna keppi sem eitt lið í úrvalsdeildinni samkvæmt sérstökum skilmálum. Einnig hefur verið rætt um að koma á fót keppni í utandeild. Tillögur nefndarinnar verða lagðar fyrir ársþing.

Landsliðsmál

- Nýr þjálfari karlalandsliðsins heimsótti Íslandi til þess að kynna sér aðstæður og móta starfið framundan. Stefnt er að áætlun fyrir æfingar landsliðanna út árið liggi fyrir á næstu dögum.
- Næstu leikir eru hjá U20 karla í Færeyjum skömmu fyrir páska og ferð unglíngalandsliða til Ítalíu um páskana.

#metoo – Verklag

- Nokkuð var rætt um viðbrögð BLÍ við frásögnum kvenna sem hafa orðið fyrir mis mikilli áreitni innan íþróttahreyfingarinnar. Horft verður til ÍSÍ hvað varðar samræmd viðbrögð íþróttahreyfingarinnar í þeim málum.

Önnur mál

- Skila þarf tillögum til ársþings hálfum mánuði fyrir þingsetningu. Sævar, Hnikarr og Jason munu fara fyrir orðalagsbreytingar á lögum og reglugerðum BLÍ.

- Innheimta iðkendagjalda var til umræðu.
- Umsókn um framlengingu á yfirdráttarheimild rædd og samþykkt.

Fleira var ekki rætt á fundinum og næsti fundur ákveðinn 27. febrúar.

Fundi slitið kl. 18.22
Jason Ívarsson ritaði fundargerð